

Nd.

179. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905, og lögum 9. sept. 1915.

Frá Jóni Jónssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Landsstjórninni veitist heimild til að auka seðlaupphæð þá, er Íslandsbanki má gefa út samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, 4. gr., og lögum 9. sept. 1915, svo sem viðskiftaþörfin krefur, og með þeim skilyrðum, sem fram eru tekin í 1.—3. lið 1. gr. laga 9. sept. 1915, þó svo, að í stað 2% í öðrum tölulið nefndrar greinar komi 3% á ári af upphæð þeirri, er seðlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr 3¹/₂ miljón og málmfordinn nægir eigi til.